

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 10. október 2012.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um formlega innleiðingu fjármálareglu. (57.mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í formlega innleiðingu fjármálareglu.

Viðskiptaráð Íslands skilaði inn umsögn við tillögu sama efnis á síðasta löggjafarþingi. Ráðið styður þau markmið sem koma fram í tillögunni. Tekið er undir þau sjónarmið sem koma fram í greinargerð með tillögunni að með faglegri hagstjórn má draga, a.m.k. að hluta, úr sveiflum í gengi krónunnar þannig að hún geti nýst fyrirtækjum og landsmönnum betur en áður.

Viðskiptaráð hefur, bæði beint og óbeint, fjallað um atriði tengd tillögunni í skrifum sínum undanfarin ár. Í því samhengi er sérstaklega bent á skýrslu Viðskiptaráðs [Fjármál hins opinbera – aðrar leiðir færar](#) og skoðun ráðsins sem kom út júní 2010 undir heitinu [Ríkisfjármál – samstaða um bætt vinnubrögð](#). Einnig má vísa til annarra skoðana ráðsins um svipað efni¹. Auk þessa hefur fjöldi fréttar verið birtar á vef og vísast hér sérstaklega til röð fréttar undir yfirheitinu [Styrkjum fjárlagagerðina](#).

Í ofangreindri skoðun lagði Viðskiptaráð fram tillögur sem stuðla að bættum vinnubrögðum við fjárlagagerð sem m.a. leiða af sér markvissara framlag fjármálstefnunnar til sveiflujöfnunar í hagkerfinu, aukið aðhald og gagnsæi í ríkisfjármálum og ýtir undir bættu áætlanagerð og opnari umræðu. Þetta stuðlar að upplýstri ákvarðanatöku og auknum fyrirsjáanleika í aðgerðum stjórnvalda, sem um leið stuðlar einnig að auknum stöðugleika. Þetta er mikilvægur þáttur í að ná því markmiði sem ofangreind tillaga leggur til og hemja sveiflur í gengi krónunnar og hagkerfisins alls – lífskjörum allra til hagsbóta.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands

¹ Sjá: [Fjárlagafrumvarpið 2011- Niðurskurður að nafni til](#) frá nóvember 2010, [Samstaða um tæknilegar skattabreytingar](#) frá nóvember 2010 og [Saga endalausa: Ekki frekari skattahækkunir](#) frá ágúst 2011.